

Sambættingarverkefni

Starfsáætlun 2024-2025

Inngangur

Sambættingarverkefnið er samstarf Grænuvalla, Borgarhólsskóla, Frístundar og Völsungs um sambætt og heildstætt skóla- og íþróttastarf barna í tveimur elstu árgöngum Grænuvalla og fjórum yngstu árgöngum Borgarhólsskóla. Lagt er upp með að Íþróttæfingar barnanna verði hluti af starfsemi Grænuvalla, Borgarhólsskóla og Frístundar og starfseminni sé lokið kl. 16. Hluti af verkefninu er einnig áralangt samstarf Grænuvalla og Borgarhólsskóla við Tónlistarskóla Húsavíkur þar sem nemendur sinna tónlistarnámi á skólatíma.

Markmið og faglegar áherslur

Verkefnið tekur mið af eftirfarandi markmiðum skólastefnu Norðurþings:

- Áhersla er lögð á læsi, tækni, sköpun, sjálfbærni, mannþækt, heilbrigði og velferð enda er Norðurþing heilsueflandi samfélag.
- Þá skal leiknum gert hátt undir höfði, bæði í leik- og grunnskóla þar sem hann er leið ungra barna til að læra á heiminn.
- Öflugt samstarf er á milli skólanna innan sveitarfélagsins og við skóla utan þess. Samstarf er ekki aðeins á milli leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla heldur einnig við stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök þar sem mannauður og sérstaða á hverjum stað er nýtt til hins ítrasta.
- Leitað verði allra leiða til að samfella í vinnudegi barna verði sem mest og sniðin að þörfum þeirra á hverjum stað.

Verkefnið stuðlar að eflingu félags- og hreyfiþroska barna og jafnar möguleika þeirra á að stunda íþróttir á Húsavík. Með verkefninu kynnast börn frá unga aldri fjölbreyttum íþróttum og hjálpar þeim að mynda sér skoðun á hvaða íþrótt þau vilja velja þegar þau vaxa upp úr verkefninu. Verkefnið er einnig liður í að brúa bilið milli leik- og grunnskóla, börnin læra á íþróttahúsið og umhverfið þar áður en þau hefja grunnskólagöngu. Með því að börn stundi íþróttir á skólatíma aukast tækifæri fyrir fjölskyldur til að eiga tíma saman að loknum skóladegi.

Íþróttafélög á Íslandi eru einstök á heimsvísu því þau eru byggð upp með þeim hætti að öll börn og ungmenni geta stundað þær íþróttir sem þar fara fram. Þar að auki hafa rannsóknir sýnt fram á að skipulagt íþróttastarf er orðið eitt af lykilþáttum forvarnarstarfs. Þrátt fyrir að íþróttafélög á Íslandi séu öllum aðgengileg að þá er það ekki svo að öll börn og ungmenni stundi íþróttir en þar geta legið að baki ýmsar ástæður. Með þessu verkefni fá öll börn á ákveðnu aldursbili kynningu á fjölbreyttu starfi Völsungs. Væntingar til framtíðar eru að það muni verða til þess að fjölgun verði meðal iðkanda innan deilda félagsins en um leið munum

við auka hlutfall þeirra sem stunda skipulagt íþróttastarf. Verkefnið hefur því gríðarlega mikið forvarnarlegt gildi. Með auknum iðkendafjölda í starfi félagsins eykst um leið gæði starfseminnar.

Leiðarljós okkar er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Við leitumst við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Markmiðið er ekki síst að efla virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna. Skóli án aðgreiningar (Inclusion) er sú skólastefna sem höfð er að leiðarljósi í íslensku skólasamfélagi. Leitast er við að veita öllum börnum þjónustu óháð getu þeirra, þroska eða fötlun. Því er markmið okkar að öll börn eigi kost á að taka þátt í daglegu starfi frístundaheimila, vali, hópastarfi og íþróttæfingum. Starfsmenn þurfa að einblína á möguleika barnsins fremur en takmarkanir, og horfa til þess sem barnið getur, en síður til þess sem barnið getur ekki.

Hópastærðir

Eins og útlit er fyrir um þessar mundir að þá verða hópastærðirnar sem hér segir:

Leikskólahópur 2019: 29 börn

Leikskólahópur 2020: 36 börn

1.-2. bekkur drengir: 25 börn

1.-2. bekkur stúlkur: 25 börn

Áætlaður heildarfjöldi barna í verkefninu starfsveturinn 2024/25 er því 115. Til samanburðar að þá var fjöldi barna í verkefninu á starfsárinu 2022/23 116.

Gert er ráð fyrir að æfingar verði með svipuðu móti.

Starfsfólk

Verkefnastjóri

Undirbýr og framfylgir skipulagi samþættingar íþrótt- og skólastarfs. Hefur yfirumsjón með æfingum í samstarfi við sérgeinapjálfa og sér til þess að æfingar séu vel undirbúnar og skipulagðar. Setur upp æfingar í samráði við sérgreinapjálfa. Verkefnastjóri framfylgir þeim stefnum og áætlunum sem um verkefnið gilda og eru ákveðin af samráðshópi. Stuðlar að vellíðan og velferð nemenda sem eru þátttakendur í verkefninu og stuðlar að góðum starfsanda á vinnustað.

Þjálfarar

Þjálfarar sjá um að skipuleggja æfingar og setja þær upp í samráði við verkefnastjóra. Hlutverk þjálfara er að stjórna æfingum og því sem fer fram á æfingartíma. Fjöldi þjálfara fer eftir stærð hópa.

Starfsfólk leikskóla

Með hverjum hópi frá Grænuvöllum þurfa að fylgja þrjú til fjórir starfsmenn og fleiri ef börn njóta stuðnings. Starfsfólkið aðstoðar við æfingar, sinnir stuðningi og aðstoðar börn sem þurfa á hjálp að halda.

Frístundarstarfsfólk

Með hverjum hópi fylgja 1-2 starfsmenn en miðað er við fjölda. Ef barn er með stuðningsúrræði þá fylgir sá stuðningur á æfingar ef þörf er á.

Nemendur unglingastígs eru til aðstoðar. Reiknað er með 2-3 nemendum í aðstoð við hvern hóp.

Helstu viðfangsefni

Í starfi með börnum er mikilvægt að hafa skýran ramma, fáar en góðar reglur, sem tryggja öryggi og vellíðan barnanna. Jákvæður agi felst í því að hvetja barnið til athafna sem styrkja jákvæða sjálfsmynd, efla félagslega færni og stuðlar að bættum samskiptum.


STARFSFÓLK ÞARF AÐ:

- Móta skýran ramma um innra starfið, s.s. með fáum en góðum reglum.
- Vinna í samstarfi samkvæmt skipulagi tíma.
- Hrósa barninu fyrir góða frammistöðu.
- Tryggja að börnin skilji fyrirmæli og finni til öryggis.
- Grípa inn og hjálpa barninu að finna lausnir og leiðrétta sig þegar í óefni er komið.
- Hafa stjórn á eigin tilfinningum og sýna fagmennsku við lausn deilna.
- Hjálpa barninu að taka ábyrgð á eigin athöfnum með tilliti til aldurs og þroska.
- Taka við börnum sem þurfa tíma til að jafna sig og koma þeim af stað aftur ef hægt er.
- Láta umsjónarmann vita ef hafa þarf samband við foreldra.
- Taka þátt í uppeldi, menntun og þjálfun barna eftir því skipulagi sem verkefnastjóri og sérgreina þjálfarar ákveða.

Starfssvið

Starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leik- og grunnskóla, námskrá Grænuvalla, stefnum Völsungs og Skólastefnu Norðurlands.

Skipurit



Viðbragðsáætlun vegna ofbeldis

Í starfi okkar leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi (Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni.

- Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Verkferill þegar barn beitir ofbeldi.

Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Líkamlegt ofbeldi er árás á líkamann, t.d. með því að hlaupa á, taka kyrkingartaki, stinga með hnífi, blýanti eða einhverju oddhvössu, sparka, slá, hrinda, hindra för, halda fast, kasta hlutum í, klípa, bíta, klóra eða hrækja á.

Andlegt ofbeldi er hótanir um ofbeldi og önnur móðgandi hegðun, s.s. hótanir gegn lífi og limum, hótanir um skemmdarverk á vinnustað eða eigum, hótanir gegn fjölskyldu eða vinum starfsfólks. Hægt er að setja fram hótanir án orða, t.d. með krepptum hnefa, með því að draga fingur yfir háls, eða með teikningum.

Smávægileg atvik.

- Barninu er boðið að setjast og róa sig niður (jákvæð einvera, bekkur í ípróttahúsi). Gott er að hafa fyrirfram ákveðinn stað sem nemandi fer alltaf á þegar hann hefur misst stjórn á sér. Gefa verður nemanda til kynna tímanlega að farið verði með hann á þennan stað, t.d. 30 sekúndur svo hann hafi kost á að fara sjálfur.
- Starfsmaður ræðir við barnið um framkomuna þegar það hefur náð tókum á sjálfu sér.
- Barninu gefinn kostur á að biðjast afsökunar og taka þátt að nýju. (Nota VAL)
- Atvikið skráð og foreldrar látnir vita í lok dags.
- Ef barnið neitar og nær ekki að róa sig er haft samband við foreldri sem kemur og sækir barnið.
- Ef barnið fer heim án þess að leysa málið eru málin rædd næst þegar barnið mætir.

Stærri atvik.

- Barnið er tekið afsíðis, fær tækifæri til að róa sig á meðan haft er samband við foreldri.
 - Gott er að hafa fyrirfram ákveðinn stað sem barn fer alltaf á þegar það hefur misst stjórn á sér. Gefa verður barni til kynna tímanlega að farið verði með það á þennan stað, t.d. 30 sekúndur svo það hafi kost á að fara sjálft.
- Starfsmaður bíður hjá barninu þar til foreldrar koma.

- Barnið fer heim með foreldri.
- Atvikið er skráð.
- Slysa/áverkaskýrsla er fyllt út hvort sem um áverka er að ræða hjá öðru barni eða starfsmanni.
- Daginn eftir eru málin rædd (foreldri og forstöðumaður/þjálfari) ásamt barninu og því gefið kostur á að biðjast afsökunar og halda áfram. (Nota VAL)

Athugið

Barn sem missir stjórn á sér þarf svigrúm en einn til tveir fullorðnir verða að vera nálægir til að afstýra árás eða annarri hegðun sem veldur tjóni. Leggja þarf áherslu á að vernda önnur börn og barnið sjálf.

Ef barn hættir ekki þarf að vara það við áður en líkamlegu inngripi er beitt t.d. með orðunum „ef þú hættir ekki þarf ég að stoppa þig“ við þau orð er starfsmaður í meiri rétti til að grípa inn í.

Líkamlegt inngrip er neyðarúrræði! Aðeins starfsmaður með sérþekkingu á líkamlegu inngripi má beita því. Starfsmaður má aldrei vera einn í þessum tilvikum og alls ekki ef beita þarf líkamlegu inngripi.

VAL

Að geta beðist afsökunar á mistökum og fundið út í sameiningu hvernig hægt er að læra af þeim bætir oft samskipti og þau geta orðið betri heldur en þau voru áður en mistökin voru gerð. Kennum börnum að nota V-A-L sem verkfæri til að losna við sektarkennd, skömm og ásakanir eftir að hafa gert mistök.

Viðurkennum

Hvað er mikilvægt þegar maður uppgötvar að maður hafi gert mistök og vill biðjast fyrirgefningar.

- Við verðum að bera ábyrgð á mistökum okkar.
- Allir sem koma að málinu verða að róa sig niður.
- Allir sem koma að málinu verða að vera heiðarlegir.
- Við getum ekki afsakað okkur.

Afsökun

Hvað getum við sagt við þann sem við höfum sært?

- Fyrirgefðu.
- Ég biðst afsökunar á því sem ég gerði.

- Mér þykir þetta mjög leitt og ég reyni að láta þetta ekki koma fyrir aftur.

Leysa málið

- Til þess að bæta fyrir eitthvað, reynum við að láta þann sem við særðum líða betur, það fer eftir því hvaða mistök við höfum gert.
- Hvað getum við gert betur ef þessi staða kemur upp aftur?

Viðbragðsáætlun vegna veðurviðvörðunar og ófærðar

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn fylgist með fréttum af veðri og veðurspám sem gætu haft áhrif á að tímar falli niður. Tímarnir falla ekki niður nema tilkynnt sé um það sérstaklega með viðeigandi hætti nema um appelsínugula eða rauða viðvörðun er að ræða, þá falla tímar sjálfkrafa niður hjá leikskólanemendum. Í samvinnu við Þjónustumiðstöð Norðurlands verður leiðin á milli skólastofnanna hreinsuð af snjó og hálkuvörnum eftir þörfum Leikskóli mun sinna eftirliti og kalla eftir hreinsun og hálkuvörnum frá leikskóla áleiðis í íþróttahöll.

Fáliðunarstefna

Markmið með viðmiðunum um fáliðun er að tryggja öryggi og námsaðstæður barna og stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi kennara og barna. Til þessara ráðstafana er gripið þegar fáliðun hefur áhrif á öryggi barna og ekki er hægt að fara eftir kjarasamningum starfsmanna.

Aðgerðir þegar til fáliðunar kemur:

Falli æfing niður hjá leikskólabörnum vegna fáliðunar miðast fjöldi barna við barngildin sem eru svohljóðandi:

4 ára – 8 börn á starfsmann.

5 ára – 10 börn á starfsmann.

6-7 ára - 15 börn á starfsmann, börn með stuðningsúrræði eru ekki hluti af þessari tölu.

Gert er ráð fyrir að börn sem þurfa stuðning haldi honum einnig í íþróttastarfi.

Þurfi að fella niður æfingu eru foreldrar látnir vita í gegnum Karellen appið, Mentor, í tölvupósti og í gegnum Abler appið.

Mat og umbætur

Markmiðið er að gera mat á verkefninu að sjálfsögðum hluta af starfinu og vinna þannig saman að bættu starfi og umhverfi barnanna.

- ★ Ár hvert verði framkvæmd foreldrakönnun þar sem þeim gefst kostur á að leggja mat á starfið og koma með ábendingar.
- ★ Hægt verður að fá samtal við þjálfara og umsjónarfólk eftir því sem þörf krefur.
- ★ Einnig verði lögð könnun fyrir starfsfólk og þjálfara.
- ★ Rætt verði við starfsfólk í starfsmannasamtali a.m.k. einu sinni á ári og þeim gefinn kostur á að koma með ábendingar um starfið.
- ★ Starfsfólk frístundar og leikskóla ræðir æfingar við börnin á barnafundum og gefur þeim kost á að koma með ábendingar og segja sínar skoðanir a.m.k. einu sinni á ári.
- ★ Starfshópur tekur niðurstöður saman, býr til umbótaáætlun fyrir næsta ár og reynir að koma til móts við þær ábendingar sem koma fram.

Í apríl 2024 var lögð fyrir foreldrakönnun. Niðurstöður þeirra könnunar var nýtt til að skipuleggja starfið fyrir skólaárið 2024-2025. Hafa verður í huga að þetta er þróunarverkefni og því ekki gott að taka of stór skref í hvert skipti.

- Notast er við Abler forritið fyrir upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra.

Hagnýtar upplýsingar

Mælt er með því að börnin klæðist þægilegum íþróttafatnaði og íþróttaskóm á æfingum.

Óskilamuna skal vitjað í íþróttahöll.

Grænuvellir

Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir skólastjóri Grænuvalla

siggavaldis@graenuvellir.is

464-6160

8474766

Unnur Ösp Guðmundsdóttir sérgreinastjóri Grænuvöllum.

unnurosp@graenuvellir.is

464-6169

Borgarhólsskóli

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir deildarstjóri Borgarhólsskóla

ada@borgarholsskoli.is

464-6141

Andri Birgisson umsjón með Frístund

869-1839

andrib@borgarholsskoli.is

Völsungur

Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri Völsungs
866-8843

volsungur@volsungur.is

Arnar Pálmi Kristjánsson verkefnastjóri
862-1688

arnar@volsungur.is

Starfsdagatal

Ýtið [hér](#) til að fá upp starfsdagatal samþættingar 2024-2025